

Nd.

308. Nefndarálit

[113. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarpið var til meðferðar á þrem fundum nefndarinnar. Þar sem það er, þrátt fyrir lengd sína, óskýrt og yfirborðskennt að mati undirritaðrar lagði fulltrúi Alþýðubandalagsins á fyrsta nefndarfundinum fram nokkrar spurningar varðandi viðskipti álfersins við íslenska aðila, þ. e. um orkusölu til þess, skattgjaldsgreiðslur þess og mengunarvarnir, og óskaði eftir útreikningum Þjóðhagsstofnunar. Ekki fékkst í nefndinni samþykki fyrir því að Þjóðhagsstofnun annaðist útreikninga, en þess í stað var Garðari Ingvarssyni hagfræðingi, sem unnið hefur að breytingum á álsamningnum með viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, falið að svara spurningum sem snertu orkusölu og framleiðslugjald, en heilbrigðisráðuneytinu þeim er vörðuguð hreinsibúnað. Einnig gáfu forustumenn Náttúruverndarráðs og verkfræðingur Heilbrigðiseftirlitsins upplýsingar um mengunarvarnir eða öllu heldur skort á slíkum er þeir komu á fund nefndarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar hefur lagt til að frv. verði samþykkt óbreytt, en undirrituð lýst sig andvíga frumvarpinu og hefur einkum eftirfarandi við það að athuga:

Framleiðslugjald.

Það er til bóta, að ekki er í samningsdrögnum tekið tillit til bókhaldslegs taps eða hagnaðar hjá fyrirtækinu ÍSAL, sem er deild í auðhringnum Alusuisse, en áður voru íslendingar hvað skattgjaldið snertir háðir geðþótta hringsins, þ. e. hvernig honum þóknaðist að hagræða afkomu deildarinnar á Íslandi. Þetta kemur glögg í ljós á því, að á starfstíma ÍSALs hefur fyrirtækið með framleiðslugjaldsgreiðslum sínum í rauninni aðeins verið að lána íslendingum fé, þannig að eftir fyrstu 6 starfsárin nemur skattinneign þess hærri upphæð en samanlagðar framleiðslugjaldsgreiðslur fyrirtækisins allan tímann. Framleiðslugjaldsgreiðslur nema skv. upplýsingum ríkisbókhaldsins samanlagt árin 1970 til 1. nóv. 1975 rúml. 617 millj. kr., en skattinneignin 748 millj. kr. skv. gengi í árslok 1975.

Tveunt er stórlega ámælisvert varðandi framleiðslugjaldið:

Í fyrsta lagi að þessi svonefnda skattinneign skyldi ekki vera strikuð út, heldur skuli þetta fært áfram sem eins konar lántaka íslenskra opinberra aðila frá auðhringnum og endurgreiðast með tiltölulega háum vöxtum.

Í öðru lagi hvernig samið var um stíghækkun framleiðslugjalds eftir álverði. Í fylgiskjali frv. kemur fram, að gert er ráð fyrir verðbólguhækkun á áli og kann það út af fyrir sig að vera raunhæft, en hins vegar á framleiðslugjaldið ekki að hækka í sama hlutfalli, heldur í sílækkandi prósentu af hlutfallslegri hækkun álverðsins.

Með þessu móti verður framleiðslugjaldið sáminnkandi byrði fyrir auðhringinn eftir því sem almennt verðlag stígur, en að sama skapi minnkandi tekjur fyrir Íslendinga í raunverulegum verðmætum.

Raforkuverð.

Samningsdrögin fela í sér, að í stað orkuverðsins 3.0 mill á kwst., sem gilti fyrstu 6 ár starfstímans, kemur lágmarksverðið 3.5 mill frá 1. jan. 1978 og hreyfist til hækkunar með nokkru tilliti til álverðs. En nú um tveggja ára skeið eiga að gilda sérstakar reglur.

Hér er athugavert, að hækkunin úr 3.0 í 3.5 mill er óveruleg, allt of lítil og ekki í neinu samræmi við almenna hækkun á framleiðslukostnaði orku, hvort sem lítið er til heimsmarkaðar eða til ástands mála á íslenska raforkumarkaðnum. Einnig gildir hér sama röksemd og getið var í sambandi við framleiðslugjaldið, þar sem orkuverðið hækkar um sílökkandi hlutfall af hækkun álverðs.

Þá hefði verið eðlilegt að í orkusamningnum hefði verið tekið tillit til síhækkandi framleiðslukostnaðar í föstum verðmætum á rafmagni frá íslenskum orkulindum, sem stafar af því að taka verður til hagnýtingar óhagkvæmari virkjunarkosti eftir því sem tímar líða fram.

Að lokum er það á mælisvert, að ekki skuli í samningsdrögunum vera ákvæði um endurskoðun raforkuverðsins á samningstímanum.

Mengun og hreinsitæki.

Þrátt fyrir ákvæði, að vísu loðin, í fyrri samningi og þrátt fyrir samkomulag milli Álfélagsins og heilbrigðisráðuneytisins í mars 1973 hefur enn ekkert raunhæft verið gert varðandi uppsetningu hreinsitækja við verksmiðjuna og forsvarsmenn fyrirtækisins hafa ekki talið sig háða almennum íslenskum lögum í þessu efni í viðskiptum sínum við Heilbrigðiseftirlitið. Auðsjáanlega hefur fyrirtækið viljað spara sem lengst að leggja í þann kostnað sem hreinsibúnaður hefur í för með sér, bæði stofn- og árlagan rekstrarkostnað. Af reynslu er því ástæða til að efast um vilja fyrirtækisins, jafnvel þótt það segi nú að fyrirhugað sé að hafa viðbótarsmiðju þess, ef til kemur, „búna fullkomnum hreinsitækjum frá öndverðu“, en þar fyrir utan hefði það átt að vera lágmarksskilyrði af hálfu Alþingis nú, er Alusuisse sækist eftir heimild til stækkunar, að fullkominn hreinsibúnaður verði kominn upp á alla verksmiðjuna áður en hafist er handa um þessa stækkun.

Lögsaga.

Álbræðslan í Straumsvík er ekki háð íslensku dómsvaldi og öllum þeim deilumálum, sem upp koma, skal skotið til alþjóðlegs dómstóls. Þetta óviðunandi ákvæði virðist eiga að standa áfram óbreytt og þarf Alþingi að koma í veg fyrir það.

Stækkunarheimild.

Samningsdrögin fela í sér heimild til stækkunar og eiga öll þau ákvæði, sem gilda um núverandi verksmiðju, einnig að gilda um þessa viðbót. Í þessu sambandi er sérstaklega athvágisvert, að viðbótarverksmiðjan á að fá raforku á sama verði og eldri verksmiðjan.

Samkvæmt fyrirliggjandi orkuáætlun svokallaðs 4. áfanga er gerður greinarmunur á fastbundnu rafmagni eða forgangsortku og rjúfanlegu rafmagni eða afgangsortku. En sé nánar skoðað kemur í ljós, að hér er raunverulega ekki um neina afgangsortku að ræða í venjulegum skilningi þess orðs, þar sem Landsvirkjun má að jafnaði ekki rjúfa afhendingu afgangsortkunnar nema um sé að ræða vatnsskort eða truflanir í veitukerfinu auk óviðráðanlegra afla.

Afhendingarskilmálar afgangsortkunnar eru því a. m. k. eins harðir og þeir skilmálar sem nú gilda um orkusölu gagnvart þeim íslensku aðilum sem mestan forgang hafa til raforku frá orkuverum. Samkvæmt þessu eru afhendingarskilmálarnir enn

harðari á forgangsortunni til viðbótarsmiðjunnar og skilmálarnir á raforku til eldri verksmiðjunnar eru væntanlega jafnharðir. Það má sem sagt ekki rjúfa rafmagn til álversins, jafnvel þótt vatnsskortur sé við orkuver Landsvirkjunar eða truflanir í veitukerfinu. Það eru innlendir notendur sem þá eiga að bera skellinn.

Athyglisvert er, að enginn greinarmunur er gerður á verði forgangsortunnar og afgangsortunnar enda þótt tilraun sé gerð í fylgiskjölum til að láta líta svo út.

Afgangsortkan til viðbótarsmiðjunnar í Straumsvík er afhent með harðari skilmálum en sjálf forgangsortkan til málmblendiverksmiðjunnar samkv. samningum um hana. Þess vegna er öll raforkusala til Straumsvíkur og þar með einnig til 4. áfanga samanburðarhæf við forgangsortkusöluna til málmblendiverksmiðjunnar. Samkv. gildandi samningi um málmblendiverksmiðju er forgangsortka seld á u. þ. b. 10 mill og er það sagt vera eðlilegt heimsmarkaðsverð á raforku til nýrra iðjuvera. Sé orkan til 4. áfangans í Straumsvík reiknuð á slíku verði er niðurstaðan sú, að orkan til gömlu smiðjunnar er seld áfram á 3 mill eða óbreyttu verði frá því sem verið hefur.

Staðfestingu á þessu orkuverði, sem viðreisnarstjórnin samdi um og almennt er viðurkennt að sé hneykslanlega lág, getur Alþingi ekki samþykkt að dómi Alþýðubandalagsins.

Alþingi, 4. febr. 1976.

Vilborg Harðardóttir.